

**Ed.**

**403. Breytingartillögur**

[133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (Eggþ).

1. Við 7. gr. Á eftir greininni komi III. kafli í nógildandi lögum, 8. til og með 14. gr., óbreyttur.
2. Við 23. gr.
  - a. 4. mgr. falli brott.
  - b. 5. mgr. orðist svo:

Bætur samkvæmt II. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, eru undanþegnar útsvarsálagningu.
  - c. Á eftir 5. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frá tekjum gjaldanda skal draga, áður en útsvar er lagt á:

    - a. 50% af launatekjum giftrar konu samkvæmt reglum 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
    - b. hlífðarfatakostnað, fæðiskostnað og annan sérstakan frádrátt til handa sjómönnum samkvæmt reglum 14. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
    - c. námskostnað og útgjöld vegna menntunar barna samkvæmt E-lið 13. gr. og 2. tl. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
    - d. útsvar síðasta árs, hafi það verið greitt að fullu á réttum gjalddögum.